

From: Eiríkur Vilhelm Sigurðarson
Sent: Wed, 25 Apr 2018 11:57:40 +0000
To: 'Guðmundur Jónasson'; 'Jóhanna Hlökkversdóttir'; 'Guðni Þór'; 'Sigríður Th. Kristinsdóttir'; 'Hestamannafélagið Geysir'; 'GHR'; 'fbsh@simnet.is'
Cc: 'Sindri Snær Bjarnason'; Ágúst Sigurðsson
Subject: Viljayfirlýsing um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum

Sent til:
Ungmennafélagið Hekla
Íþróttafélagið Garpur
Ungmennafélagið Framtíðin
Knattspyrnufélag Rangæinga
Hestamannafélagið Geysir
Golfklúbburinn Hellu, Rangárvöllum
Flugbjörgunarsveitin Hellu

B.t. stjórnar félaganna.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti líkt og önnur sveitarfélög hafa gert að taka undir „Viljayfirlýsinu um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum“ frá Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga.

--

1802031 - Viljayfirlýsing um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum

Frá Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga

Tillaga er um að sveitarstjórn taki undir viljayfirlýsingu stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og að sveitarfélagið Rangárþing ytra áskilji sér rétt til þess að skilyrða fjárveitingar til íþróttfélaga og annarra félagasamtaka sem bjóða upp á frístundaiðkun fyrir börn og unglinga, því að félögin setji sér siðareglur, viðbragðsáætlanir og fræði þjálfara/umsjónarfólk um ofbeldi, kynferðislega áreitni og kynferðisofbeldi. Einnig skulu þeir sem sveitarfélagið Rangárþing ytra styrkir hafa jafnréttisáætlanir, sýna fram á að farið sé eftir þeim og að aðgerðaráætlun sé skýr. Sveitarstjóra falið að upplýsa samningsaðila um skyldur skv. framangreindu og kalla eftir upplýsingum um áætlanir og verklagsreglur.

Samþykkt samhljóða.

--

Sveitarstjóri fól mér að kalla eftir þessum upplýsingum og aðstoða félögin eftir þörfum.

Ef það eru einhverjar spurningar vegna þessa erindis vinsamlegast hafið samband við undirritaðan,

Kær kveðja,
Eiríkur Vilhelm Sigurðarson
Markaðs- og kynningarfulltrúi
Rangárþingi ytra

